



Fundargerð 8. fundar stjórnar SSA haldinn 16. apríl 2021

Fundurinn var haldinn á Teams

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Sigríður Bragadóttir og Pálína Margeirsdóttir. Jóhann F. Þórhallsson oddviti Fljótsdalshrepps sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 1.1 Fundargerð frá 7. fundi stjórnar SSA 2020-2022 – *Fundargerðin var lögð fram til samþykktar og verður undirrituð rafrænt.*
- 1.2 Fundargerðir svæðisskipulagsnefndar (5,6) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.*
- 1.3 Fundargerðir stjórnar SSH (522), SSV(160, aðalfundur), SSNV(65), Vestfjarðastofa (34), SSNE (24,25), SASS (568), SSS (767) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.*
- 1.4 Fundargerð Sambandsins (896) – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar.*
- 1.5 Fundargerð Stýrihóps (69) – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar.*
- 1.6 Fundargerð Byggðamálaráðs (16,17) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.*
- 1.7 Fundur um grænbók í samgöngumálum 31. mars – *Lagt fram til kynningar.*
- 1.8 Fundur um grænbók í fjarskiptamálum 12. apríl – *Lagt fram til kynningar.*

2. Innra starf SSA

2.1 Sóknaráætlanir

Framkvæmdastjóri kynnti áhersluverkefni og drög að skiptingu fjármagns. Áfram verður unnið á þessum grunni og sent á stýrihópinn til samþykktar.

2.2 Almenningsamgöngur

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Verið er að vinna að útboði og samningum við Vegagerðina.

2.3 Aðalfundur SSA

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Lagt til að aðalfundur verði færður til 3.júní og var það samþykkt af stjórn. Stefnt er að staðarfundi á Egilsstöðum.

2.4 Samráðsfundir

Formaður fór yfir helstu samráðsfundi sem hafa verið í gangi undanfarnar vikur.

- *Fundur um grænbók í samgöngumálum 31. mars – til kynningar*
- *Fundur um grænbók í fjarskiptamálum 12. apríl – til kynningar*
- *Fundur með öðrum landshlutasamtökum um græna atvinnuþróun og nýsköpun um allt land með þremur ráðherrum 8. apríl – til kynningar*



3. Önnur mál

-**Austminjar.** *Formaður kynnti erindi frá Austminjum. Einari, Gauta og Jónu falið að halda áfram samtali um málið.*

-**Sorpbrennslumál.** *Framkvæmdastjóri kynnti erindi sem henni barst vegna sorpbrennslu. Framkvæmdastjóra falið að stilla upp fundi með aðilum sveitarfélaganna og Steinþóri.*

-**Háskólamálin.** *Formaður fór yfir stöðuna.*

Ekki fleiri mál, fundi slitið kl 16:00